



Minnisblað til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanna

Dags: 14. nóvember 2022

Málsnúmer: 202211023/22.6

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Hraðamælingar í Mosfellsbæ

Á árinu hefur lögreglan gert nokkrar hraðamælingar á Vesturlandsvegi, Þingvallavegi, Baugshlíð, Tunguvegi Vefarastræti og Bjarkarholti, samtals 12 mælingar. Mælt var í 60 mín á öllum stöðum nema við Baugshlíð þann 01.09.2022, þá var mælt í 90 mín.

Á öllum mælingastöðunum var nokkuð um að ökutæki færu yfir leyfilegan hámarkshraði allt frá 7% ökutækja upp í 38%.

Hlutfallslega flestir óku yfir leyfilegum mörkum í Bjarkarholti 38%, Baugshlíð 36% og Tunguvegi 35%. Þar á eftir komu Vesturlandsvegur til suðurs v/Skálatún, Baugshlíð og Þingvallavegur til vesturs v/Hrísbrú.

Báðar mælingarnar í Baugshlíð þar sem hámarkshraði er aðeins 30 km, sýndu að a.m.k. fjórðungur bíla ekur hraðar en leyfilegur hámarkshraði, sem teljast má umhugsunarvert þar sem þarna er grunnskóli og mikið að börnum þvera Baugshlíðina á þessum stað.

Í Bjarkarholti er einnig 30 km hámarkshraði og þar keyrðu 38% ökutækja yfir hámarkshraða, sem áhyggjuefni þar sem þarna er mikil umferð bíla, gangandi og hjólandi.

Samantekt - Mælingar með hraðamyndavél:

	Hámarks-hraði	Dags	Tími mælingar	Niðurstöður mælingar
Vesturlandsvegur Ekið til suðurs móts við Ásland	70	24.02.2022	09:50 – 10:50	Vöktuð voru 271 ökutæki. Meðalhraði var 69 km, þar af 34 brot = 13 % . Meðalhraði þeirra var 83 km. Hraðast ekið á 91 km.
Vesturlandsvegur Ekið til norðurs á móts við Skálatún	70	23.03.2022	13:20 – 14:20	Vöktuð voru 664 ökutæki. Meðalhraði var 70 km, þar af 123 brot = 19% . Meðalhraði þeirra var 84 km. Hraðast ekið á 124 km.
Vesturlandsvegur Ekið til suðurs á móts við Skálatún	70	02.05.2022	13:35 – 14:35	Vöktuð voru 703 ökutæki. Meðalhraði 72 km, þar af 184 brot = 26% . Meðalhraði þeirra var 84 km. Hraðast ekið á 113 km hraða.
Vesturlandsvegur Ekið til suðurs á móts við Bjarkarholt	50 (vegna framkv.)	07.06.2022	13:30 – 14:30	Vöktuð voru 586 ökutæki. Meðalhraði var 45 km, þar af 39 brot = 7% . Meðalhraði þeirra var 63 km. Hraðast var ekið á 71 km hraða.



Þingvallavegur Ekið í vestur við Hrísbrú	70	09.05.2022	16:00 – 17:00	Vöktuð voru 117 ökutæki. Meðalhraði var 71 km, þar af 28 brot = 24% . Meðalhraði þeirra var 85 km. Hraðast var ekið á 113 km hraða.
Þingvallavegur Ekið í vestur við Tjaldanes	70	13.06.2022	16:35 – 17:35	Vöktuð voru 115 ökutæki. Meðalhraði var 70 km, þar af 15 brot = 13% . Meðalhraði þeirra var 86 km. Hraðast var ekið á 100 km hraða.
Þingvallavegur Ekið til austurs við Tjaldanes/Mosskóga	70	28.10.2022	13:35 – 14:35	Vöktuð voru 95 ökutæki. Meðalhraði var 59 km, þar af 7 brot = 7% . Meðalhraði þeirra var 84 km. Hraðast var ekið á 89 km hraða.
Baugshlíð Ekið til suður við Lágafellsskóla	30	05.07.2022	08:50 – 09:50	Vöktuð voru 105 ökutæki. Meðalhraði var 36 km, þar af 38 brot = 36% . Meðalhraði þeirra var 45 km. Hraðast var ekið á 59 km hraða.
Baugshlíð Ekið var til suðurs við Lágafellsskóla	30	01.09.2022	08:00 – 09:30	Vöktuð voru 319 ökutæki. Meðalhraði var 33 km, þar af 81 brot = 25% . Meðalhraði þeirra var 46 km. Hraðast var ekið á 66 km hraða.
Tunguvegur Ekið í norður að Kvíslartungu	50	25.10.2022	13:15 – 14:15	Vöktuð voru 60 ökutæki. Meðalhraði var 60 km, þar af 21 brot = 35% . Meðalhraði þeirra var 67 km. Hraðast var ekið á 83 km hraða.
Vefarstræti Ekið var til austurs við hús nr 20	30	21.09.2022	14:50 – 15:50	Vöktuð voru 53 ökutæki. Meðalhraði var 35 km, þar af 8 brot = 15% . Meðalhraði þeirra var 44 km. Hraðast var ekið á 59 km hraða.
Bjarkarholt Ekið var til vesturs við Fjölbrautaskólann	30	23.05.2022	13:35 – 14:35	Vöktuð voru 107 ökutæki. Meðalhraði var 36 km, þar af 41 brot = 38% . Meðalhraði þeirra var 43 km. Hraðast var ekið á 52 km hraða.



Virðingarfyllst.,